

1. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2018

--- Fundargerð ---

Mættir: SD, ÁK, GME, RPM, GG, SG og GJ.

(JP boðaði forföll, en Guðni Guðbergsson og Sigríður Gísladóttir tóku þátt).

1. SD setti fund kl. 08⁰⁰ í húsakynnum Matvælastofnunar að Stórhöfða 23. Aðeins eitt formlegt erindi var á dagskrá og var það tekið til lokaafgreiðslu.
2. Í upphafi fundar fór GJ yfir stöðu helstu mála sem snerta fisksjúkdómanefnd. Nú er sá tími sem undirbúningur að sjósetningu laxaseiða stendur sem hæst. Því tengdu koma til landsins nokkur skip að utan, bæði til að flytja seiði og eins öflugir vinnubátar til að þjóna við uppsetningu sjókvía. Öll þessi mál fara í ákveðinn farveg þar sem fast er fylgt eftir kröfum um þrif og sóthreinsanir áður en skipin koma til landsins. Vel hefur gengið að afgreiða þau erindi sem komið hafa inn á borð nefndarinnar og ávallt góð samvinna við eigendur skipa sem uppfyllt hafa þær kröfur sem settar eru.
3. Tekin voru til umfjöllunar tvö erindi frá Bernharð Laxdal dýralækni hjá Fish Vet Group, dags. 28. maí 2018, þar sem óskað er eftir heimild fyrir hönd Arnarlax hf. til að meðhöndla eldislax gegn laxalús með lyfinu Alpha Max (Deltametrin). Annars vegar er farið fram á leyfi til að baða sjókvíalax við Laugardal í Tálknafirði og hins vegar við Steinanes í Arnarfirði. Í umsóknum er farið yfir stöðu eldisins á báðum staðsetningum og færð rök fyrir nauðsyn þess að lúsamedhöndla laxinn.

Málefnið var skoðað ítarlega í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í Arnarfirði annars vegar og Tálknafirði hins vegar. Margir líffræðilegir þættir koma við sögu og ljóst að huga þarf að fjölmörgum atriðum áður en ráðist er í lyfjameðhöndlun. Þau atriði sem einna helst er talin þörf á að gaumgæfa eru árstími og hitafar sjávar, stærð og fjöldi eldislaxa, nánasta lífríki og vistkerfi fjarðanna, dýravelferð, heilbrigðisstaða og ástand fisksins almennt. Þá ber einnig að hafa í huga þá möguleika sem bjóðast á formi lyfjalausra aðferða til að fyrirbyggja eða draga úr lúsasmiti.

Að umfjöllun lokinni komst fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla ekki með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun, hvorki í Arnarfirði né Tálknafirði. Nefndin telur ekki rétt út frá fyrirliggjandi gögnum að meðhöndla lax með lúsalyfi á Steinanesi við Arnarfjörð. Fjöldi lúsa er í algjöru lágmarki og innan þeirra gilda sem reikna má með í náttúrulegu umhverfi á þessum árstíma. Þá var það einnig niðurstaða nefndarmanna að mæla ekki með lyfjameðhöndlun á laxi sem alinn er við Laugardal í Tálknafirði. Þar eru lúsatölur vissulega nokkuð háar, en að teknu tilliti til annarra líffræði- og umhverfislegra þátta hníga flest rök að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að meðhöndla með lúsalyfi. Þeir þættir sem einna helst tala gegn böðun með Alpha Max eru m.a. staðsetning, heilbrigðisstaða, stærð og fjöldi fiska. Árstími og hitafar hefur einnig mikla þýðingu. Fullorðnar lýs geta vissulega lifað af kaldan vetur, en rannsóknir sýna að lirlfur undan slíkum foreldrum eiga erfitt uppdráttar í köldu umhverfi. Það dregur verulega úr smithæfni slíkra lirlfa við sjávarhita undir 5°C. Það má því leiða líkum að því að nokkur

tími líði þar til ný smithæf kynslóð undan þessum foreldrum komist á legg. Við Laugardal er tiltölulega lítið magn af laxi og heildarmagn lúsa er því ekki umtalsvert í firðinum. Þá er reiknað með að slátrun hefjist í lok sumars eða byrjun hausts og að allar kvíarnar verði tómar í byrjun vetrar. Laxinn við Laugardal er smitaður af nýrnaveiki og sýnir reynslan að fara verður varlega í alla meðhöndlun á slíkum laxi og við hækkanði hitafar er ávallt hætt við því að bakterían taki við sér og valdi afföllum ef fiskur er meðhöndlaður með streituvaldandi hætti. Í dag er laxinn í Tálknafirði í góðu ástandi með tilliti til heilbrigðis og engin merki þess að lús sé að valda honum skaða né miklum óþægindum. Fóðurtaka er góð og vöxtur eðlilegur og afföll í lágmarki. Verði böðun með lúsalyfi framkvæmd þarf að koma fyrir segldúk undir hverja kví og þrengja að fiskinum áður en hann er baðaður í ákveðinn tíma. Slík framkvæmd reynir á fiskinn með tilliti til velferðar og heilbrigðis hans. Þá ber til þess að líta að náttúrulegir stofnar laxfiska í Tálknafirði eru smáir og göngur villtra seiða til hafs í lítilli hættu m.t.t. nýsmits. Engin önnur sjókvíastaðsetning er í Tálknafirði og engin ný eldisseiði verða sett þar í sjó á þessu ári. Næstu útsetningar seiða hjá Arnarlaxi eru ráðgerðar til Patreksfjarðar og Arnarfjarðar í sumar, en þær staðsetningar eru í tuga km fjarlægð frá Laugardal í Tálknafirði. Þá ber þess einnig að geta að í umræðum kom fram að fisksjúkdómanefnd gerir athugasemd við hversu litla tilburði Arnarlax hefur sýnt gagnvart lyfjalausum og fyrirbyggjandi aðferðum í baráttunni við laxalúsina. Ekki hefur verið sýnt fram á að aðrar leiðir hafi verið fullreyndar á umræddum eldissvæðum, fyrirbyggjandi eða til að draga úr sýkingu. Í þessu samhengi eru hrognkelsi nefnd og leiða má að því líkum að nærvera slíkra lúsaétandi hreinsifiska kæmi að góðum notum við þær aðstæður sem til staðar eru í Tálknafirði og sem fyrirbyggjandi aðgerð á öðrum svæðum.

4. Önnur mál:

⇒ SD upplýsti fundarmenn um komu yfirdýralæknis Noregs, Kristina Landsverk og hennar samstarfsmanna hjá Mattilsynet í Noregi í næstu viku. Tilgangur heimsóknar er að kynna þá vinnu sem norsk fisksjúkdómayfirvöld hafa lagt í við samningsgerð og undirbúning að innleiðingu á nýrri dýrasjúkdómalöggjöf sem ESB/EFTA hefur unnið að á liðnum misserum. Að auki ætlar Kristina og fylgdarlið að skoða þær smitvarnir sem Stofnfiskur hefur komið á í kynbótastöðvum sínum hér á landi. Árið 2016 öðlaðist Stofnfiskur sérstaka vottun hjá MAST og yfirvöldum í Chíle þess efnis að eldisstöðvarnar uppfylli skilyrði smitvarnarhólfs (compartment) í anda Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar í París (OIE). Kristina og félagar ætla að kynna sér þá vinnu sem liggur að baki og hvernig best sé að standa að því að koma á slíkri vottun, en kynbótastöð í Noregi hefur sýnt áhuga á að koma á fót sambærilegum smitvörnum. Þess má geta að Ísland hefur allar götur síðan 2009 verið eina landið á veraldarvísu sem staðist hefur allar kröfur erlendra yfirvalda og haft fulla heimild til útflutnings á laxahrognum.

⇒ Í lokin kynnti SD stöðu mála er varðar innflutning á tveimur mjöldrum (hvíthvölum) sem áætlað er að flytja frá sædýrasafni í Shanghæ og koma fyrir í höfninni í Vestmannaeyjum.

5. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10⁰⁰.

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

Gisli Jónsson